

# LÖGMANNA BLAÐIÐ



5. árg.

september

4 / 1999

Ógnir við sjálfstæði lögmanna, alþjóðlegar og  
heimafengnar

Af Merði lögmanni

Starfsemi Félagsdeildar Lögmannafélagsins

Hagsmunaárekstur í lögmannsstörfum

Námskeið

Reglur um merki Lögmannafélagsins

Reglur um kjör heiðursfélaga Lögmannafélagsins

Groa@leiti.is

Staðfesturéttartilskipun ESB

*Ingimar  
Ingason,  
nýr fram-  
kvæmdastjóri*

—  
*Bls. 7*

*Ferðasaga  
frá Ósló*

—  
*Bls. 24*

*Eitt félag,  
aukinn kraftur*

—  
*Bls. 20*

Útgefandi:  
Lögmannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:  
Björn L. Bergsson

Ritnefnd:  
Árni Vilhjálmsson, hrl.  
Steinunn Guðbjartsdóttir, hdl.

# Kíktu á heimsíðu Lögmannafélagsins slóðin er:

**[www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)**

## Ritröð um mannréttindamál

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur um nokkurra ára skeið gefið út ritröð um mannréttindamál. Nú nýverið kom út fjórða ritið er nefnist: „Our Dreams Will Never Die: The Struggle for Self-Determination of East Timor.“ Þar birtist í fyrsta sinn á prenti erindi sem José Ramos-Horta, leiðtogi sjálfstæðishreyfinga Austur Tímor, flutti í Reykjavík í apríl, 1997. Auk þess eru í ritinu kafli um stöðu Austur Tímor samkvæmt þjóðarrétti, eftir Dr. Guðmund S. Alfreðsson og Magna Carta sjálfstæðishreyfinga Austur Tímor.

### **Önnur rit í ritröð**

#### **Mannréttindaskrifstofunnar eru:**

1. Mannréttindi í stjórnarskrá. Fjögur erindi sem flutt voru á fundi um mannréttindi og stjórnarskrá þann 1. desember, 1994.
2. Mannréttindastarf Sameinuðu þjóðanna, eftir Dr. Guðmund S. Alfreðsson og Jakob P. Möller.

3. Universal Justice Through International Criminal Law. Skýrsla frá ráðstefnu um alþjóðlegan refsirétt sem haldin var í Róm í apríl 1996, ritstýrt af Jónatani Þórmondssyni og Róbert R. Spanó.

Næsta rit er kemur út í október næstkomandi fjallar um þátttöku Íslands á alþjóðavettvangi á árunum 1945–95, og er höfundur þess Lilja Hjartardóttir, stjórn málafræðingur.

Hægt er að gerast áskrifandi ritraðarinnar og er verð ritanna 700 krónur til áskrifenda, en 950 krónur í lausasölu.

***Ritin má panta hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands í síma 552 2720, með faxi 552 2721 eða tölvupósti [icehr@humanrights.is](mailto:icehr@humanrights.is).***

# Ógnir við sjálfstæði lögmanna, alþjóðlegar og heimafengnar

Í lok ágúst var haldinn árlegur forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna. Fundurinn var að þessu sinni í Finnlandi, í Naantali (Nådendal) syðst í landinu. Naantali er einkum þekkt fyrir tvennt, þar eru höfuðstöðvar múmínálfanna og sumarsetur forseta Finnlands. Sumarsetrið er falleg steinbygging, ekki stór, í enn falgri görðum í frönskum stíl. Auðmaður einn gaf setrið eftir sinn dag finnsku þjóðinni til þess að vera sumaraðsetur forsetans, svipað og Sigurður Jónasson, lögfræðingur, gaf íslenzku þjóðinni Bessa-staði.

Á forsætisfundunum sitja formenn og varaformenn lögmanna-



*Jakob R. Möller,  
hrl., formaður  
L.M.F.I.*

-----  
*Peir eru ómetanlegt  
tækifæri fyrir okkur til  
þess að notfæra okkur  
starf félaga á öðrum  
Norðurlöndum.*  
-----

félaganna og framkvæmdastjórar þeirra. Af hálfu Lögmannafélags Íslands sóttu því fundinn Jakob R. Möller, formaður, Ásgeir Thoroddsen, varaformaður, og Marteinn Másson, framkvæmdastjóri. Fundirnir hafa verið haldnir reglulega frá því á fjórða áratugnum og fer gildi þeirra vaxandi sökum samstarfs félaganna á öðrum alþjóðlegum vettvangi. Peir eru ómetanlegt tækifæri fyrir okkur til þess að notfæra okkur starf félaga á öðrum Norðurlöndum. Þau félög eru öll til mikilla muna stærri en Lögmannafélag Íslands, eins og að líkum lætur, og með stórt og öflugt starfslið. Hjá danska lögmannafélaginu, sem er stærst, starfa alls á milli 40 - 50 lögfræðingar, auk annars starfsliðs, en félagar í Advokatsamfundet eru um það bil tíu sinnum fleiri en í Lögmannafélagi Íslands.

Meginumræðuefni á fundinum voru tvö: Reglur um varnir gegn peningaþvætti og fjölgreinasamstarf (MDP= multi disciplinary partnerships).

## *Peningaþvætti*

Nokkuð hefur verið fjallað um varnir gegn peningaþvætti hér í Lögmannaþlaðinu, þar á meðal eins og þær snúa að lögmönnum. Skipulögð glæpastarfsemi er ógnun við lýðræðislega stjórnarhætti og frelsi borgaranna frá spillingu og glæpum. Dregur því enginn lögmaður í efa, að nauðsynlegt sé að efla varnir gegn þvotti glæpamanna á illa fengnum afrakstri. Þó vekur sífellt undrun, að Ísland skuli hafa farið fyrst í löggjöf á þessu sviði og lögfest ítrustu kröfur starfshóps OECD, á undan öðrum þjóðum utan Breta, og án þess að taka tillit til sérstöðu sem trúnaðarskylda lögmanna við viðskiptamenn sína skapar þeim.

Evrópusambandið er nú að leggja seinni hendur á drög að reglum, sem gilda eiga í Evrópusambandinu. Taka þær mun meira tillit til sérstöðu lögmanna en lög nr. 83/1993, eins og þeim var breytt með l. 38/1999. Flest lögmannafélög í Evrópu búa sig nú undir aðlögun að nýjum reglum, þar á meðal með endurskoðun siðareglna lögmanna. Fyrr var nefnt, að Ísland hefði farið fyrst ásamt Bretum, en aðstæður þar í landi eru verulega aðrar en hér. Brezkir lögmenn, solicitors, sinna mjög allskyns fjármálaráðgjöf og vörslu, og hafa brezku lögmannafélögin því ekki lagzt gegn því, að brezkir lögmenn væru háðir samskonar reglum og aðrir sem slíku sinna, og London er ein mesta fjármálamiðstöð í heimi. Hér háttar öðruvísi til. Íslenzkir lögmenn sinna ekki fjármálaráðgjöf í neinum verulegum mæli og sífellt er minna um, að þeir sinni fjárvörzlu. Íslenzku reglurnar geta beinlínis leitt til þess, að viðskiptamenn

## **Lögmannafélag Íslands**

Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
sími (telephone): 568-5620  
bréfsími (telefax): 568-7057  
tölvupóstur (E-mail): lmf@tv.is  
heimasíða: www.lmf.is

### **Stjórn L.M.F.I.**

Jakob R. Möller, hrl.,  
formaður  
Ásgeir Thoroddsen, hrl.  
varaformaður  
Gunnar Jónsson, hrl.,  
gjaldkeri  
Sif Konráðsdóttir, hdl.,  
meðstjórnandi  
Valborg Þ. Snævarr, hdl.,  
ritari

### **Starfsfólk L.M.F.I.**

Marteinn Másson,  
framkvæmdastjóri  
Hildur Pálmadóttir, ritari

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.  
Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn:  
kr. 1.500 + vsk.  
Verð pr. tölublað kr. 300 + vsk.

### **Prentun:**

Ísafoldarprentsmiðja

### **Umjón auglýsinga:**

Óflun ehf., sími 561-4440

forðist að afla upplýsinga um lögmæti fyrirhugaðra ráðstafana og brjóti því af sér. Er þá uppi afleitt staða, reglur sem eiga að sporna við glæpum efla glæpi.

### **Fjölgreinasamstarf (MDP)**

Á undanförunum árum hafa alþjóðlegu endurskoðunarfyritækin, þau „fimm stóru“, það er Arthur Andersen, Deloitte & Touche, Ernst & Young, KPMG og PriceWaterhouseCoopers, sífellt fært út starfssvið sitt. Er fyrir allöngu svo komið, að eiginleg endurskoðun er tiltölulega lítil þáttur í starfseminni en gagnleg til þess að ná viðskiptavinum til annarra sviða, allskyns ráðgjöf þar á meðal rekstrar- og lögfræðiráðgjöf. Starfsmenn þessara fyrirtækja eru að sjálfsögðu bundnir trúnaði við viðskiptamenn þeirra, en þær trúnaðarskyldur eru allt aðrar en lögmanna. Á endurskoðendum hvíla til dæmis sérstakar skyldur um að upplýsa yfirvöld um málefni viðskiptamanna sinna, en hverskyns rekstrarráðgjafar hafa eingöngu almennar trúnaðarskyldur. Endurskoðunarfyritækin hafa þrátt fyrir þetta freistað þess víða um lönd að ráða til sín lögmenn og reka lögmennsskrifstofur. Er þetta sumstaðar í löndum leyft, annarsstaðar ekki bannað, en víðast þó í Evrópu og Norður-Ameríku er fjölgreinasamstarf bannað lögmönnum. Lögmannafélögin, og löggjafinn, líta á það sem hlutverk sitt að tryggja sjálfstæði lögmanna vegna sérstakra trúnaðarskyldna þeirra og hlutverks í réttarkerfinu. Lögmáður, sem ekki er bundinn nánast algjörum trúnaði við skjólstæð-

-----

### *Íslenzku reglurnar geta beinlínis leitt til þess, að viðskiptamenn forðist að afla upplýsinga um lögmæti fyrirhugaðra ráðstafana*

-----

inga sína, hefur ekki það sjálfstæði sem lögmenn verða að krefjast sér til handa. Þetta eru ekki sérréttindi lögmanna vegna, heldur af hagsmunum skjólstæðinganna og þjóðfélagsins alls. Endurskoðunarfyritækin halda því fram, að innan þeirra séu „kínverskir múrar“, sem tryggi að allt fari leynt, sem leynt á að fara. Mun þó mála sannast, að þeir „kínversku múrar“ hafi reynzt álfíka haldgóðir og Maginot-línan Frökkum í síðari heimsstyrjöld eða Kínamúrinn sjálfur Kínverjum gegn Japönum.

-----

### *Ef lögmenn á endurskoðunarskrifstofum sinna málum viðskiptamanna stofunnar, eru þeir að brjóta lögin.*

-----

Þessi togstreita er komin til Íslands af fullum þunga, eins og nefnt var í síðasta Lögmannablaði. Nýju lögmannaölögin leggja bann við því, í 4. mgr. 19. gr., að aðrir en lögmenn eigi og reki lögmennsskrifstofur. Ef lögmenn á endurskoðunarskrifstofum sinna málum viðskiptamanna stofunnar, eru þeir að brjóta lögin. Lögmannafélagið

mun grípa til úrræða, sem því eru tæk, gegn slíkum rekstri. Rétt er að geta þess, að fyrirhugað er að halda upplýsingafund innan félagsins um þetta mál nú í haust. Þar verður sérstaklega reynt að fá öll sjónarmið fram, þar á meðal þeirra lögmanna sem nú starfa á endurskoðunarstofum.

Einnig þarf að taka sérstaklega á því, að lögmenn starfa í beinu sambandi við starfsemi, sem ekki er háð sömu trúnaðarskyldum og kröfum um sjálfstæði og lögmenn. Þessi síðastnefndi þáttur er sérlega örðugur viðfangs í litlum samfélögum, eins og á Íslandi. Fjöldi lögmanna nýtir húsnæði með annarri starfsemi, fasteignasölum, endurskoðendum og fleiri. Lögmenn í þeirri aðstöðu þurfa sérstaklega að geta að því að upplýsingar um viðskiptamenn þeirra séu ekki aðgengilegar um tækjabúnað, eins og bréfsímatæki og tölvur.

### **Nýr framkvæmdastjóri Lögmannafélags Íslands**

Ingimar Ingason, lögfræðingur, var í sumar ráðinn til starfa hjá Lögmannafélagi Íslands. Hann tekur við framkvæmdastjórastarfi af Marteini Mássyni, en fram að skiptunum einbeitir Ingimar sér að skipulagningu félagsdeildarinnar. Ingimar lauk prófi frá lagadeild árið 1990, fór þá til starfa hjá Eimskipafélagi Íslands, en lét af störfum þar til þess fara í framhaldsnám í New Orleans, en þar lauk hann mastersnámi vorið 1999. Stjórn félagsins bindur miklar vonir við störf Ingimars og býður hann velkominn til starfa.


**Ljósritar, prentar og faxar**  
eins og ekkert sé.

**OPTIMA**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - sími:588 9000

**nashuatec**





# HÆSTARÉTTARDÓMAR

Hjá dómverði Hæstaréttar fást eftirtaldir árgangar:

1920-1924	500.-	1972	500.-	1942	500.-	1986	1.800.-	tvö bindi
1925-1928 A	500.-	1973	500.-	1943	500.-	1987	2.400.-	tvö bindi
1925-1929 B	500.-	1974	500.-	1944	500.-	1988	3.000.-	tvö bindi
1930	550.-	1975	500.-	1945	500.-	1989	3.600.-	tvö bindi
1931-1932	500.-	1976	500.-	1946 ljþ	800.-	1990	4.500.-	tvö bindi
1933	500.-	1977	500.-	1966	500.-	1991	5.000.-	tvö bindi
1934	500.-	1978	500.-	1967	500.-	1992	6.000.-	þrjú bindi
1935	500.-	1979	500.-	1968	500.-	1993	6.600.-	þrjú bindi
1936	500.-	1980	700.-	1969	500.-	1994	8.800.-	fjögur bindi
1937	500.-	1981	800.-	1970	500.-	1995	8.800.-	fjögur bindi
1938	500.-	1982	900.-	1971	500.-	1996	11.000.-	fimm bindi
1939	500.-	1983	1.000.-			1997	8.800.-	fjögur bindi
1940	500.-	1984	1.200.-	50% afsláttur til laganema		1998	11.000.-	Fimm bindi
1941	500.-	1985	1.400.-					

# Af Merði lögmanni

Mörður velti því fyrir sér hvort ekki væri réttast að fá sér skóhlífar. Það fer svo illa með skótauíð að ösla bleytuna í þessari eilífu rigningartíð niður Bankastrætið á leið í Héraðsdóm. Ef það er ekki rigning á þessu skeri þá er það bévítans slabbíð. Svona skóhlífar, fyrir utan að vera þarfapöng, hafa líka yfir sér virðuleikablæ. Mörður minnstist látinna kollega sem aldrei stigu út úr húsi öðruvísi en að bregða skóhlífum yfir skófátnaðinn sinn. Kannski ætti Mörður að fá sér göngustaf líka, svona einn með silfurhnúð á? Það væri ekki amalegt að ganga hægum skrefum frá kontórnum niður í dóm, sveifla stafnum og kinka kolla til hægri og vinstri til þeirra sem hann mætti. Nei kannski væri það full langt gengið, menn gætu haldið að hann væri snobbaður.

Annars er Mörður ekkert sérstaklega vel fyrir kallaður. Kominn enn einn rigningarmánudagurinn eftir þessa líka miklu gleðihelgi. Það er ekki á hverjum degi sem íþróttaliðið hans Marðar vinnur til afreka, síðast gerðist það þegar Mörður var ungur maður í menntaskóla. Er það nema von að hann hafi glaðst með öðrum stuðningsmönnum liðsins. Óljóst rámar Mördur í að hafa grátið af gleði við öxl hæstaréttarlögmanns, sem hann hafði hitt í hófinu um kvöldið eftir leikinn, að ekki sé minnst á ónotatilfinninguna sem því fylgdi að rifja upp faðmlögin við kynferðisafbrotamanninn, sem var staddur í gleðskapnum líka, sem Mörður varði hér um árið. Ja það gerist nú ekki nema á þrjátíu ára fresti að svona tilefni gefist til gleðskapar hafði Mördur

ur sagt konunni daginn eftir þegar hún var að stríða honum á því að hafa sofið með trefil í litum liðsins þá um nóttina.

Nei það þarf að gæta að virðingunni svo maður sé tekinn alvarlega hugsaði Mörður með sér á meðan hann skáskaut sér á milli bílanna í Lækjargötunni. Svo má maður heldur ekki samsama sig of mikið með málstað umbjóðandans eins og kolleginn sem Mörður var að fara að mæta á móti. Sá vildi helst gera Mördur persónulega ábyrgan fyrir gallaða þústkerfinu undir bíl umbjóðanda hans, sem sá hafði keypt fyrir slikk af umbjóðanda Marðar. Mörður mátti hafa sig allan við að vera ekki búinn að taka upp veskið og reiða bætturnar fram af tómu samviskubiti yfir því hve umbjóðandi hans hafði farið illa með skjólstaðing kollegans. Svo ætti það líka að varða við lög að ræða mál af þessu tagi á mánudagsmorgni. Sérstaklega svona mánudegi. Mörður ætlaði ekki að láta það henda sig oftar að fallast á þinghöld á þessum tíma sólarhringsins. Best er að hafa slíkar fyrirtökur svona upp úr hádeginu þegar maturinn er búinn að sjatna aðeins en morgunhrollurinn farinn úr mönnum.

Mörður er sannfærður um að það sé gott að vera málafylgjumaður og fylgja málstað síns manns fast eftir en hann er jafn viss um að eins gott sé að huga að því að aðrir geti líka lent í að verja bílað þústkerfi. Þá skyldi kolleginn heldur betur vara sig hugsaði Mörður með sér um leið og hann skaust inn um dyrnar á Héraðsdómi, hristi af sér bleytuna, dálítið votur í fætturnar.

## Útleiga á fundarsal

Lögmenn geta fengið leigðan fundarsal á jarðhæð í húsnæði félagsins fyrir t.d. skiptafundi, gerðardómsmál o.fl.

Salurinn rúmar u.þ.b. 20-25 manns ef setið er við borð en annars eru sæti fyrir um 35-40 manns. Leiguverðið er 2.000 krónur fyrir klukkustundina auk virðisaukaskatts. Innifalið er kaffi.

**Tekið er við pöntunum á skrifstofu L.M.F.Í. í síma 568-5620.**

# hvor er maðurinn?

Ingimar Ingason lögfræðingur hefur verið ráðinn framkvæmdarstjóri Lögmannafélags Íslands frá 1. október að telja. Ingimar lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Sund 1984, embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1990 og mastergráðu (LLM) í flutninga- og sjórétti frá Tulane Law School í Bandaríkjunum 1999. Ingimar starfaði sem fulltrúi í Tjónadeild og innra eftirliti hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands frá 1990 til 1994 og sem deildarstjóri sömu deildar frá 1994 til 1998. Ingimar er kvæntur Guðrúnu Margréti Hannesdóttur, sérfræðingi í Starfsþróunardeild Hf. Eimskipafélags Íslands. Stjúpdóttir hans er Stefanía Hanna Pálsdóttir.

Lögmannablaðið átti stutt spjall við Ingimar á dögunum.

*Fyrst Ingimar, að ramm-íslenskum sið, er rétt að inna eftir ætt og uppruna, menntun og fyrri starfsferli.*

Ef mér leyfist að svara þessari spurningu í hefðbundnum „maður er nefndur“ stíl, þá er ég fæddur í foreldrahúsum í Borgarnesi síðla dags 23. ágúst 1964 og eru foreldrar mínir þau Ingi Ingimundarson og Jónína Björg Ingvólfsdóttir, en þau starfa bæði hjá embætti sýslumannsins í Borgarnesi. Eftir tiltölulega áfallalausar æsku og hefðbundna skólagöngu við grunnskólann í Borgarnesi, lá leið mín í Menntaskólann við Sund, þaðan sem ég útskrifaðist sem stúdent eftir fjögurra vetra dvöl árið 1984. Þaðan lá leið mín í lagadeild Háskóla Íslands og útskrifaðist ég frá



*Ingimar Ingason, nýr framkvæmdastjóri Lögmannafélags Íslands*

þeirri ágætu menntastofnun árið 1990 (mörgum til mikillar undrunar og sjálfsagt sjálfum mér hvað mest). Eftir útskrift réð ég mig til óskabarns þjóðarinnar, Hf. Eimskipafélags Íslands, þar sem ég starfaði í Tjónadeild og innra-efirliti, fyrst sem fulltrúi frá 1990 til 1994, en sem deildarstjóri sömu deildar frá þeim tíma til miðsumars 1998. Þá lagði ég land undir fót og hélt í framhaldsnám til New Orleans í Bandaríkjunum, nánar tiltekið í Tulane Law School. Ég útskrifaðist svo þaðan með mastersgráðu (LLM) í flutninga- og sjórétti í vor, og „síðan hef ég verið hér hjá ykkur“, eins og segir í þekktri sögu.

*Við hvað starfaðir þú hjá Eimskipafélaginu.*

Svona fyrir utan að þvælast fyrir, þá var mitt verk-svið, sem fulltrúi í Tjónadeild og innra-efirliti, einkum fólgið í afgreiðslu krafna vegna farmtjóna og annarra bótaskyldra atburða, gerð og yfirlestri samninga, auk þess að veita hinum ýmsu deildum félagsins almenna lögfræðiráðgjöf. Jafnframt var starf mitt fólgið í að fylgiast með því hvort starfsmenn félagsins væru ekki örugglega að starfa í samræmi við gildandi lög og reglur og/eda fyrirsmáli í handbókum félagsins. Á miðju ári 1994 tók ég síðan við stöðu deildarstjóra Tjónadeildar og innra-efirlits, en þá færðist starf mitt meira yfir í að sinna tryggingamállum félagsins og dótturfyrirtækja þess hérlandis og erlendis, auk þess að hafa yfirumsjón með meðferð og afgreiðslu krafna sem félagin

inu bárust. Þetta var ærið starf, enda félagið bæði stórt og öflugt á íslenskan mælikvarða, auk þess að vera með umfangsmikinn rekstur erlendis. Veigamesti hluti trygginga Eimskipafélagsins var og ég geri ráð fyrir að svo sé enn, tekinn hjá erlendum tryggingafélögum og tryggingamörkuðum og mörg af stærri skaðabótamálum á hendur félaginu því unnin í samráði og nánú samstarfi við erlenda tryggingamiðlara og lögmenn, sem gat verið mjög krefjandi en að sama skapi afar lærdómsríkt. Einnig hafði ég á þessum tíma yfirumsjón með þjónustu við hluthafa félagsins, undirbúning aðalfunda þess og fleira.

Sími **568 9095**

# Eyðing skjala

**Einfalt**  
**Öruggt**  
**Fljótlegt**



**GAGNAEYNI**

Gagnaevni ehf.

Skúluvöð 13 - 104 Reykjavík

Sími: 568 9095, fax: 568 8215, farsími: 897 2803

Netfang: gagnaevni@eva.is

Opitíðir á kl. 9:00 - 17:00,

mánudaga til föstudaga (þó eftir samkomulag).

## *Sameining*

Úrlausn-Aðgengi ehf. sem hefur þjónustað og selt Innheimtakerfi Lögmanna, ILplús, hefur nú sameinast Þróun ehf. tölvu- og rekstrarráðgjöf. Þróun hf. er traust og gamalgróið fyrirtæki með yfir 30 vel menntaða starfsmenn. Allir starfsmenn Ú/A munu flytja með fyrirtækinu og er óhætt að fullyrða að með sameinuðu félagi mun þróunarvinna og þjónusta verða öflugri en áður. Nýtt heimilisfang Ú/A er að Höfðabakka 9, 112 Reykjavík.

## **ÚRLAUSN** **AÐGENGI**

- ▶ **Innheimtakerfi Lögmanna, ILplús.**
- ▶ **Lagasafn Íslands AG**
- ▶ **Réttarríkið**
- ▶ **Húsið fasteigna-söluakerfi**

**PRÓUN**

Höfðabakka 9 - 112 Reykjavík  
Sími 570 7000 - Fax 570 7070



## *Hvernig bar það til að þú sóttir um starf hjá Lögmannafélaginu.*

Það er kannski erfitt að svara þessari spurningu í örfáum orðum, en segja má að ég hafi verið á nokkrum tímamótum nú í vor, þar sem ég var að snúa heim úr framhaldsnámi og því nokkuð á milli vita. Það var auðvitað freistandi að halda áfram starfi á sviði flutninga- og sjóréttar, en á móti kom áhugi minn á að skipta um starfsvettvang eftir átta ára starf hjá Eimskip. Ég hef lengi haft áhuga á að vinna við lögmennsku, en þar sem starf mitt hjá Eimskipafélaginu var til þess að gera mjög sérhæft og í þó nokkurri fjarlægð frá lögmenskunni, enda þótt ég hafi unnið náðið með fjölmörgum afbragðs lögmönnum, þá taldi ég það að gegna starfi framkvæmdastjóra hjá Lögmannafélaginu geta reynst góð brú á milli fyrra starfs og þess að fara út í lögmennsku síðar. Menn mega þó ekki skilja þetta sem svo að aðeins sé ætlunin að tjalda til einnar nætur í starfi fyrir félagið eða nota það sem stökkpall á einhvern hátt, heldur lít ég svo á að með þessu starfi fái ég betri innsýn inn í þetta svið lögfræðinnar. Einnig taldi ég að menntun mín og reynsla hjá stóru og framsæknu fyrirtæki eins og Eimskip, gæti komið að notum í starfi fyrir Lögmannafélagið og ég á móti lært ýmislegt af starfsemi ekki stærri rekstareiningar en félagið er. Loks hvöttu margir félagar mínir úr lögfræðinga- og lögmennastétt, mig til þess að sækja um starfið, þannig að ég tülkaði það sem svo að mér væri óhætt að senda inn umsókn. Niðurstaðan varð svo sú að mér var boðin staðan.

## *Hvernig lýst þér svo á félagið og starfsumbverfið.*

Það að starfa fyrir Lögmannafélagið leggst ágætlega í mig. Ég kem til starfa hjá félaginu á vissum tímamótum. Þetta gamalgróna hagsmunafélag starfar nú eftir nýjum lögum, sem ásamt hugmyndum um breyttar áherslur í þjónustu við lögmenn, býður upp á mörg ný og

spennandi viðfangsefni. Þá er stjórn félagsins skipuð mjög hæfu og áhugasömu fólki, sem ég tel að sé afar mikilvægt atriði við stefnumótun og stjórnun félags eins og Lögmannafélagsins. Það er mér því tilhlökkunarefni að starfa á þessum vettvangi. Ég er reyndar vanur fjölmennari vinnustað, en það er í sjálfu sér ekki atriði til þess að setja fyrir sig, þar sem ég á von á því að vera í góðu sambandi við fjölda lögmanna og annað ágætt fólk dags daglega. Þá er starfsaðstaða á skrifstofu félagsins til fyrirmyndar og með þeim hætti að starfsfólki ætti að líða vel, sem er mjög mikilvægt.

## *Sérðu fyrir þér einhverjar breytingar.*

Að sjálfsögðu koma menn til með að sjá ýmsar breytingar á næstu mánuðum. Þó ekki væri nema vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á því starfsumhverfi sem snýr að Lögmannafélaginu, en þar á ég einkum við hin nýju lög um lögmenn, stofnun félagsdeildar o.fl. Þá fylgja jafnan nýjum mönnum nýjir síðir, þannig að einhverjar áherslubreytingar munu félagsmenn sjálf-sagt sjá við komu mína til félagsins. Menn mega hins vegar ekki gleyma því að starf framkvæmdastjóra Lögmannafélagsins, eins og reyndar velflestra annarra félaga,

tekur mið af stefnu sitandi stjórnar hverju sinni. Því geta félagsmenn allt eins upplifað mun viðameiri breytingar við stjórnarskipti, þegar svo ber undir, heldur en við ráðningu nýs framkvæmdastjóra. Það er því undir stjórn félagsins komið hver af mínum stefnumálum og hugðarefnum ná fram að ganga og hver ekki, þannig að það verður bara að koma í ljós hvaða breytingar koma mín til félagsins hefur í för með sér.

## *Að lokum, heldur þú að það sé ekki hið snúnasta mál að starfa hjá félagi jafn kröfuharðra aðila eins og lögmanna, starfstétt sem befur það helst að lifibrauði að gera kröfur.*

Það kann vel að vera, en ég kvíði mínu hlutskipti hins vegar ekki. Ég vann á mínum fyrra starfsvettvangi mikið með lögmönnum og hef ekki annað en gott af því samstarfi að segja. Ég held reyndar að lögmenn séu ekkert kröfuharðari en aðrir, þrátt fyrir sitt starf. Þó svo væri, þá hef ég alla tíð unnið fyrir kröfuharða vinnuveitendur og ætti því að vera kominn með nokkuð harðan skráp hvað það varðar. Mín afstaða er sú að haldi menn sig á málefnalegum nótum og sýni sanngirni, þá er ég tilbúinn að verða við þeim kröfum sem gerðar verða til mín.

## Nýtt félag lögfræðinga

Stofnsett var nýtt félag lögfræðinga í byrjun september. Ber það heitið Félag ungra lögfræðinga og eru félagsmenn þess þeir sem útskrifast hafa á síðustu þremur árum og voru stofnfélagar um það bil 30 talsins. Félaginu er einkum ætlað að berjast fyrir hagsmunum þess hóps sem er að hasla sér völl á vinnumarkaðinum en tilefni stofnunarinnar má segja að sé það breytta umhverfi sem nýjir lögfræðingar standa frammi fyrir hvað varðar öflun mállutningsréttinda. Hefur félagið það þannig fyrst og fremst að markmiði að geta hagsmuna félagsmanna sinna gagnvart setningu reglna um öflun mállutningsréttinda fyrir hér- aðsdómi, sem nú er unnið að.

# Hagsmunaárekstrar í lögmannsstörfum

Almikið hefur á undanförunum misserum verið rætt og galla þess að lögmennt starfi í samstarfi við aðrar fagstéttir (MDP, eða Multy-Disciplinary Partnerships). Þessi umræða hefur fyrst og fremst snúist um sambandið milli endurskoðenda og lögmanna. Hún á sér einnig stað í Evrópu og vestan hafs. Í samstafi lögmannafélaga, þar sem Lögmannafélagið á aðild, hefur mikið verið fjallað um efnið, bæði innan CCBE og á sameiginlegum vettvangi norrænu lögmannafélaganna. Á 35. Norræna lögfræðingafþinginu í ágúst mánuði sl. var þetta einnig meðal umræðuefnanna.

Opinská umræða þarf að eiga sér stað um þetta mál í okkar litla lögmannasamfélagi. Okkur er brýn nauðsyn á að upplýst umræða eigi sér stað. Og við verðum líka að komast að einhverri niðurstöðu. Hef ég þá í huga ákvæði nýju lögmannaafanganna og ekki síður yfirstandandi endurskoðun síðareglna lögmanna. Þar er hugsanlega hægt að taka á sumum þeirra atriða sem við teljum nauðsynleg til að vernda sjálfstæði lögmannaáttarinnar og trúnaðarskyldur hennar. Þessi atriði eru einmitt meðal þeirra sem menn hafa haldið á lofti og notað gegn hinu fjölfaglega samstarfi.

Í þessum litla pistli ætla ég mér ekki annað en að benda á og reifa í örstuttu máli tvo nýlega dóma æstu dómstóla annars vegar Danmerkur og hins vegar Englands. Ætla ég að í þeim endurspeglis þau vandamál sem upp geta komið og tengjast ofangreindu umræðuefni, og að þeir geti varpað einhverju ljósi á spurningar um



*Sif Konráðsdóttir, bdl.*

-----  
*Opinská umræða þarf að eiga sér stað um þetta mál í okkar litla lögmannasamfélagi.*  
-----

trúnaðarskyldu lögmanna og hættu á hagsmunaárekstri, sem tengist spurningunni um sjálfstæði lögmanna. Ættu þeir þannig að vera innlegg í umræðuna.

## ***U 1998,1105. Dómur Hæstaréttar Danmerkur frá 4. maí 1998***

Lögmaðurinn A tók að sér að vera verjandi þriggja lækna sem sakaðir voru um brot á trúnaðarskyldum gagnvart sjúklingnum K. A hafði sameiginlega skrifstofu með lögmanningnum B. B hafði áður verið verjandi K í máli vegna meints ofbeldisbrot áður en kom til sjúkrahússvistar þeirrar er leiddi til áður nefndra sakargifta á hendur læknum.

-----  
*lögmaðurinn B hafði áður verið verjandi fyrir K.*  
-----

K kærði lögmanninginn A gagnvart úrskurðarnefnd danska lögmanna-

félagsins, sem komst að þeirri niðurstöðu að hvort sem raunverulegur hagsmunaárekstur hefði átt sér stað eða ekki, væri í skifstofusamstarfi lögmanna almennt slík hætta á hagsmunaárekstri að A hefði borið að segja sig frá störfum sínum fyrir lækna, þegar hann varð þess áskynja að lögmaðurinn B hafði áður verið verjandi fyrir K. Landsrétturinn staðfesti þessa niðurstöðu. Lögmaðurinn A upplýsti í réttinum að hann og lögmaðurinn B hefðu sama ritara, sama símkerfi og faxtæki og að nokkru leyti sameiginleg húsgögn á hinna sameiginlegu skrifstofu sinni. Þeir hefðu hins vegar hvor sitt tölvukerfi, málaskráningarkerfi, bókhaldskerfi og einnig hefðu þeir aðskildar skjalageymslur. Í Hæstarétti var upplýst að lögmennirnir tveir hefðu sameiginlegt bréfsefni og að þeir skiptu með sér ákveðnum útgjöldum og búnaði, en að þeir hefðu þar fyrir utan ekki með sér frekara samstarf í fjárhagslegum efnum. Meirihluti Hæstaréttar taldi sýnt að lögmaðurinn B hefði ekki getað tekið að sér að verja lækna þrjá, þar sem hann var fyrrum verjandi K og sagði: „...advokater i et kontorfællesskab vil udadtil fremtræde som samarbejdende. Selv om det i enkelte tilfælde kan godtgøres, at advokaterne i kontorfællesskabet driver helt adskilte advokatvirksomheder, kan det efter vores opfattelse ikke afvises, at der hos en nuværende eller tidligere klient kan opstå frygt for, at oplysninger, der i en tidligere sag er erhvervet om vedkommendes forhold af en advokat i fællesskabet, benyttes af en anden advokat i en sag, som har forbindelse med den tidligere sag. Der må derfor

som led í fastlæggelsen af begrebet „god advokatskik“, jfr. rpl. § 126, stk. 1, kunne fastlægges sådanne generelle begrænsninger í advokataens adgang til at påtage sig sager, at man herved modvirker en risiko for uberettiget benyttelse af oplysninger.“

### Enskur dómur

The House of Lords, enski hæstirétturinn, kvað í desember 1998 upp dóm um hliðstætt álitaefni, þótt þar hefði (lögmanns)þjónustan verið innt af hendi af endurskoðunarfirma.

KPMG tók að sér verkefni fyrir skjólstæðing, er fól meðal annars í sér athugun á peningayfirfærslum sem gátu felld sök á aðila er KPMG hafði áður unnið fyrir. KPMG hafði veitt hinum fyrrum skjólstæðingi sínum þess konar aðstoð í dómsmáli, að hún var í eðli sínu lögmannsþjónusta. Fyrrum skjólstæð-

-----  
*...að KPMG hafði sinnt þjónustu er væri í eðli sínu lögmannsþjónusta, og yrði því að sæta þeim kröfum er gera mætti til lögmannna um trúnað,...*  
-----

ingurinn krafðist þess að bann yrði lagt við því að KPMG tæki að sér verkið fyrir hinn skjólstæðinginn. Undirréttur féllst á kröfu hans, en áfrýjunarrétturinn felldi bannið úr gildi. The House of Lords dæmdi hins vegar að bannið skyldi standa. Lagði rétturinn áherslu á, að KPMG hafði sinnt þjónustu sem væri í eðli sínu lögmannsþjónusta, og yrði því að sæta þeim kröfum er gera mætti til lögmannna

um trúnað, og engin hætta mætti vera á að trúnaðarskyldan yrði brotin. Rétturinn lagði áherslu á að það sem fram hafði komið þegar ráðgjöfin var veitt fyrri skjólstæðinginum gæti haft þýðingu varðandi hið nýja verkefni fyrir síðari skjólstæðinginn. Ekki taldi rétturinn nægilega öruggar þær ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar bærust ekki á milli deilda, er gerðar höfðu verið sérstaklega vegna þessa verkefnis. Í dómnum tjáði rétturinn sig um það hvaða lágmarkskröfu gera yrði til slíkra ráðstafana til að tryggja trúnað. Taldi rétturinn að aðeins fyrirfram og skipulega uppbyggður aðskilnaður deilda í þessu skyni, gæti verið nægilegur.

## Réttur pappír á réttum stað!

Við sérhæfum okkur í pappír fyrir allar gerðir skrifstofutækja.

- Geislaprentara; bleksprautu
- Ljósritun í lit og svörtu
- Ljósritunarpappír í 25 litum
- Allar stærðir og gerðir umslaga

Leitið upplýsinga

# hvítlist

PAPPÍR TIL PRENTUNAR

Bygggörðum 7 • 170 Seltjarnarnesi • Sími 561 2141

## LÖGMENN

Löggiltar þýðingar á dómskjölum og öðrum gögnum. Dómtúlkun.

**Skjót og vönduð  
vinnubrögð.**

### ÞÝÐINGAR OG TEXTARÁÐGJÖF

Pósthússtræti 13, 2. hæð  
101 Reykjavík • Sími: 562-6588  
Bréfsími: 562-6551

Netfang: [ellening@islandia.is](mailto:ellening@islandia.is)

●  
**Ellen Ingvadóttir**

löggiltur dómtúlkur og  
skjalþýðandi

# Starfsemi Félagsdeildar Lögmannafélagsins

Síðustu tvo mánuði hefur verið unnið að stefnumótun og gerð markmiðsáætlunar fyrir Félagsdeild Lögmannafélagsins. Ljóst er að brýn þörf er á aukinni þjónustu til lögmanna og einnig á markvissri hagsmunagæslu fyrir stéttina. Sem dæmi um fyrirhuguð verkefni deildarinnar má nefna endur- og símenntun lögmanna, en fræðslunefnd félagsins hefur unnið ötullega að skipulagningu námskeiða fyrir lögmenn, bæði á eigin vegum og eins í samstarfi við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Lögfræðingafélagið. Þegar liggur fyrir dagskrá námskeiða á haustmisseri og eru frekari upplýsingar um þau námskeið að finna annars staðar í blaðinu.

Markaðssetning á þjónustu lögmanna er á stefnuskrá Félagsdeildar og hefur deildin þegar gert drög að uppsetningu þjónustuskrár lögmanna. Tilgangur slíkrar þjónustuskrár er að auðvelda einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum og stofnunum hérlendis og erlendis að leita eftir þjónustu lögmanna og að sama skapi að auðvelda lögmönnum að bjóða fram þjónustu sína. Gert er ráð fyrir að þjónustuskrá lögmanna verði eina skráin þar sem hægt verður að nálgast upplýsingar um sérsvið lögmanna, en mikið er spurst fyrir um slíkt á skrifstofu Lögmannafélagsins. Einnig er ráðgert að gefa út bæklinga með kynningu á störfum lögmanna og mikilvægi þess að leitað sé lögfræðilegrar ráðgjafar fyrir og við gerð ýmissa löggæringa.

Félagsdeildin hefur einnig hug á að kanna grundvöll fyrir uppsetningu gagnaöflunarþjónustu fyrir lögmenn, sem felur í sér að lögmenn geti við undirbúning mála,



*Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.*

notið aðstoðar starfsmanns félagsdeildar við leit að tilteknum gögnum af bókasafni félagsins eða úr gagnabönkum sem félagið hefur aðgang að.

-----  
*Ljóst er að brýn þörf er á aukinni þjónustu til lögmanna og einnig á markvissri hagsmunagæslu fyrir stéttina.*  
-----

Þá er á stefnuskrá félagsdeildar að leita leiða til að lækka rekstrar- og kostnað lögmanna, með milligöngu um gerð afsláttarsamninga við ýmsa söluaðila vöru og þjónustu, svo sem tryggingafélög, söluaðila vél- og hugbúnaðar, rekstrarvara fyrir skrifstofur og fleira.

Félagsdeildin sér einnig fyrir sér þörf á úttekt á kjaramálum lögmanna og átak í ímyndaruppbyggingu stéttarinnar.

Rétt er hins vegar að hafa í huga að vinnsluhraði þessara verkefna ræðst alfarið á stuðningi lögmanna og því hversu mikinn tíma stjórn Lögmannafélagsins hyggst gefa Félagsdeildinni til þess að sinna þessum málum.

Félagsdeild hvetur þá lögmenn

sem ekki hafa gerst meðlimir, til þess að skrá sig við fyrsta tækifæri og stuðla þannig að öflugra félagsstarfi. Einnig hvetur félagsdeildin þá lögmenn sem þegar hafa skráð sig, til þess að greiða gjaldfallin árgjöld. Stuðningur lögmanna við félagsdeildina er grundvöllur öflugrar hagsmunagæslu fyrir stéttina.

Eitt fyrsta verkefnið sem Félagsdeildin stendur fyrir er námskeið sem haldið verður þann 7. október næstkomandi en umfjöllunarefni þess er:

## *Áfrýjun og flutningur einkamáls fyrir Hæstarétti*

Á námskeiðinu verður meðal annars fjallað um tilgang áfrýjunar, form og efni áfrýjunarstefna, kröfugerð, gerð málgagna (ágríps) og öflun nýrra gagna, þar með talin vitnamál. Fjallað verður um form, efni og framsetningu greinargerðar, undirbúning málflytninga, málflytninginn sjálfan, dómssuppluáætlun, uppgjör dómkragna og kynningu á niðurstöðu dóms fyrir umbjóðanda.

Þá verður sérstaklega fjallað um þær óskráðu hegðunarvenjur sem gilda í málflytningi fyrir Hæstarétti. Loks verður farið yfir samskiptareglur lögmanna við umbjóðanda sinn, við lögmann gagnaðila, ásamt samskiptum lögmanna við fjölmiðla.

Námskeiðið er einstakt tækifæri fyrir þá lögmenn sem hyggja á öflun málflytningarréttinda fyrir Hæstarétti, aukin heldur sem það er kjörinn vettvangur fyrir starfandi hæstaréttarlögmenn, til þess að auka gæði þeirrar vinnu sem þeir inna af hendi í tengslum við málflytning í Hæstarétti.

-----  
*Námskeiðið er einstakt tækifæri fyrir þá lögmennt sem byggja á öflun málflutningsréttinda fyrir Hæstarétti, ...*  
-----

Fyrirlesarar á námskeiðinu verða þau Ragnar Aðalsteinsson hrl. og Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttarmari.

Þegar er fullbókað á þetta áhugaverða námskeið og fjöldi lögmanna á biðlista, verð svo strax á fyrsta degi eftir að tilkynnt var um námskeiðið. Í ljósi þessara góðu viðbragða, sem augljóslega sýna að brennandi þörf er fyrir námskeið af þessu tagi, mun Félagsdeild Lögmannafélagsins standa fyrir öðru námskeiði um þetta efni eins skjótt og kostur er.

## Framkvæmd skýrslutöku af ólögráða brotapolum fyrir dómi

**M**eð breytingum á lögum um meðferð opinberra mála, sem tóku gildi í maíbyrjun, varð það skylt að taka skýrslur af brotapolum, sem ekki hafa náð 18 ára aldri, fyrir dómi. Nokkru áður hafði verið komið fyrir yfirheyrsluadstöðu í Barnahúsi en við gildistöku laganna var hafist handa við að innrétta sérstakt yfirheyrsluherbergi í Héraðsdómi Reykjavíkur. Það herbergi var hins vegar ekki tekið í notkun fyrr en um miðjan ágúst en í þess stað notast við dómsal þegar skýrslutakan fór ekki fram í Barnahúsinu.

Allnokkrir hnókrar hafa síðan verið á því hvernig standa ber að slíkum skýrslum og vinnulag verið nokkuð mismunandi milli dómara.

Við þessu er nú verið að reyna að sjá á vegum dómstólaráðs. Bæði hefur því verið hreyft við dómsmálaráðuneytið að komið verði á fót vaktakerfi þannig að 5-6 dómamar annist um mál af þessu tagi og þá jafnvel á landsvísu og eins eru í vinnslu leiðbeinandi reglur um framkvæmd skýrslutöku fyrir dómi í þeim tilgangi að samræma vinnubrögð svo sem kostur er.

Er það trúlega von allra sem að málum af þessu tagi koma að skjótt og vel takist til í þessum efnunum.

## Undanþágum hafnað

Um það leyti sem frestur til að sækja um undanþágu frá skilyrðum lögmanna laga um opna starfsstöð, fjárvörslureikninga og starfsábyrgðartryggingar rann út streymdu inn undanþágubeiðnir frá ýmsum aðilum. Þar á meðal voru beiðnir frá hópi ráðuneytisstarfsmanna sem fengið höfðu uppáskrifað hjá yfirmanni sínum að þeim væri nauðsynlegt að hafa málflutningsréttindi í starfi sínu.

Eftir gaumgæfilega yfirferð yfir réttarstöðu þessara starfsmanna synjaði Lögmannafélagið þeim um undanþáguna í byrjun september. Það var gert með þeim rökstuðningi að ekki yrði séð að nauðsyn bæri til málflutningsréttinda í störfum þessara starfsmanna auk þess sem vísað var til laga um embætti ríkislögmanns þar sem því embætti er falinn mála-rekstur fyrir íslenska ríkið.

# BISLEY

SKJALASKÁPAR

*Einfaldlega betri*



**BEDCO & MATHIESEN**

Bæjarhraun 10 • Sími 565 1000

# Ritið Leiguréttur II

Á vормánuðum kom út bókinn Leiguréttur II eftir Jóhannes Karl Sveinsson héraðsdómslögmann. Áður en lengra er haldið skal þess getið að ekki er nauðsynlegt að hafa lesið Leigurétt I til þess að geta haft gagn af lestri þessarar bókar. Leiguréttur II er ekki framhaldsrít Leiguréttar I á sama hátt og ýmsar spennusögur, t.d. ritsafnið Ísfólkið.

Leiguréttur II fjallar um húsaleigu og inniheldur fyrst og fremst túlkun og skýringar á húsaleigulögum nr. 36/1994.

Bókinni er skipt upp í þrjá hluta. Fyrsti hlutinn sem er efnismestur fjallar um húsaleigulögin. Í öðrum hluta er fjallað um ákvæði laga sem snerta húsaleigu og húsaleigusamninga. Þar fjallar höfundur m.a. um húsaleigu, skatta og húsaleigubætur. Lög nr. 138/1997 um húsaleigubætur ásamt reglugerð nr. 37/1998 um húsaleigubætur eru birt í þriðja hlutanum sem nefnist viðaukar.

Eins og sést á ofangreindri upptalningu þá spannar bókinn vítt efnissvið. Áður en kemur að skýringum höfundar á einstökum lagagreinum húsaleigulaganna eru lögin birt í heild sinni. Höfundur fylgir síðan þeirri stefnu sem oft tíðkast í bókum sem þessum að taka hverja lagagrein fyrir sig og fjalla um hana sjálfstætt. Umfjöllun um hverja lagagrein er síðan skipt upp í kafla og þær skýrðar.

Sem dæmi má nefna skýringu höfundar á 42. gr. laganna sem skipt er upp í eftirfarandi kafla:

1. Almenn um 42. gr.
2. Er fyrri eigandi endanlega laus undan skyldum sínum eftir sölu?



Magnús H. Magnússon, brl.

-----  
*Bókin er því aðgengileg og auðvelt er að finna þau úrlausnarefni sem leitað er að á þessu sviði réttarins.*  
-----

3. Heldur leigjandi öllum sömu réttindum á hendur nýjum eiganda.

4. Aðilaskipti vegna gjaldþrots

leigusala eða nauðungarsölu á fasteign

4.1. Nauðungarsala

4.2. Gjaldþrot leigusala

4.2.1. Uppsagnarheimildir protabús á leigusamningi

4.2.2. Bótakröfur ef bú gengur ekki inn í leigusamning

Þessi uppsetning er mjög þægileg og aðgengileg fyrir notendur. Í skýringum á hverri grein laganna fyrir sig getur höfundur um þá dóma Hæstaréttar þar sem reynt hefur á viðkomandi lagagrein. Hann vísar einnig til erlendra dóma, einkum norrænna. Bókin er upplýsandi og fróðleg að þessu leyti.

Aftast í bókinni er atríðisorðaskrá, laga- og dómaskrá en slíkar skrár eru nauðsynlegar í bók af þessu tagi.

Bókin er því aðgengileg og auðvelt er að finna þau úrlausnarefni sem leitað er að á þessu sviði réttarins. Uppsetning hennar ber vott um að hún er unnin af starfandi lögmanni sem veit að það er nauðsynlegt að geta á auðveldan hátt nálgast umfjöllun um tiltekin lögfræðileg álitaeefni þar sem oft vill brenna við að skammur tími er til úrlausnar hvers verkefnis.

Höfundur hefur lagt mikla vinnu í gagnaöflun. Hann skrifar um mörg raunhæf álitaeefni og setur efnið fram á skýran hátt. Sérstaklega er vakin athygli á skýringum hans á 61. gr. laganna sem er gagnleg fyrir lögmenn.

Eftir lestur bókarinnar er ég sannfærður um að gagn er að henni hvort sem er á lögmannsstofum eða heima í eldhúsi hjá leigusölum og leigutökum þessa lands.



# Námskeið

Slati af námskeiðum verður haldinn á vegum Félagssdeildar Lögmannafélagsins, Lögfræðingafélagsins og Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands á næstu 4 mánuðum. Lögmönnum til glöggvunar og áréttingar á að símenntun og endurmenntun er fáum stéttum mikilvægari, birtist hér yfirlit yfir þessi námskeið. Félagsmenn eru hvattir til að hressa upp á þekkinguna.

Námskeiðin verða haldin í kennslusal Lögmannafélagsins að Álftamýri 9, nema annað sé sérstaklega auglýst síðar.

Lögmenn eru hvattir til þess að kynna sér vel efni námskeiðanna og skrá sig tímanlega á þau sem þeir hafa áhuga á. Rétt er að taka fram að tímasetning námskeiðanna, sem haldin verða frá kl. 16:00 – 19:00, er sérstaklega ákveðinn með það í huga að sem flestir lögfræðingar og lögmenn geti sótt þau, án þess að missa mikinn tíma úr vinnu.

Loks er rétt að vekja athygli á því að meðlimir Félagssdeildar Lögmannafélagsins, sem greitt hafa félagsgjöld fyrir árið 1999, fá 10% afslátt af þátttökugjaldi.

## 1. Vinnuréttur

Á þessu námskeiði verður farið ofan í sérkenni vinnuréttar og helstu meginreglur hans. Kynnt verða áhrif Evrópureglna í íslenskum vinnurétti og helstu réttarheimildir, fjallað um kjarasamninga, skuldbindingargildi þeirra og tengsl við ráðningarsamninga. Farið verður ofan í meginreglur í tengslum við stofnun og slit ráðningarsamninga, þar með taldar jafnréttis-, uppsagnar-, og riftunarreglur. Einnig verður á þessu námskeiði gerð grein fyrir réttindum og skyldum starfsmanna og atvinnurekenda, meðal annars varðandi trúnað, vinnuframlag, laun, veikindi og aðilaskipti að fyrirtækjum. Sérstaklega verður tekið á áhrifum félagafrelsis á vettvangi vinnuréttar sem og farið yfir þær sérreglur sem gilda um opinbera starfsmenn og tengsl vinnuréttar og stjórnýsluréttar.

Fyrirlesarar eru þau Ástráður Haraldsson hrl. og Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl. sem munu vafalítið tryggja að á hvorugan aðila réttarsambandsins halli.

**Tími: 5. – 6. október 1999.**

## 2. Réttargæslu- og verjandastörf lögmanna

Viðfangsefni þessa námskeiðs er réttargæslustörf fyrir brotþola, hugtakið verjandi, skipun verjanda og hlutverk hans. Einnig verður kynntur ferill rannsóknar, framgangur máls á rannsóknarstigi, upphaf skýrslugjöf, fyrirtökur, yfirheyrslur og aðrar aðgerðir lögreglu. Þá er ráðgert að fjalla um fyrirtöku í dómi, úrskurði, kærur og gæsluvarðhaldsvist, ásamt lok rannsóknar, vinnuskýrslur, ákæru, þingfestingu, viðurlagsákvörðun, aðalmeðferð máls, dóm og áfrýjun.

Fyrirlesarar eru Andri Árnason hrl. og Jón H.B. Snorrason saksóknari og yfirmaður efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóraembættisins.

**Tími: 12.-13. október 1999.**

## 3. Vitna og aðilaskýrslur fyrir dóm

Á námskeiðinu verður farið yfir réttarreglur um sönnunarfærslu og sönnunarmat, þar á meðal skýrslugjöf aðila og vitna fyrir dómi, hvort heldur sem er einkamálum eða opinberum málum. Fjallað verður um þýðingu, undirbúning og framkvæmd skýrslugjöf bæði frá sjónarhóli dómara og málflytjanda, auk þess sem rætt verður um áreiðanleika skýrslna aðila og vitna máls. Unnið verður með dæmi og raunhæf verkefni

Fyrirlesarar eru þeir Sigurður Tómas Magnússon héraðsdómari, Jóhannes Rúnar Jóhannsson hdl. og Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðingur.

**Tími: 2. - 4. nóvember 1999.**

## 4. Breytingar á skaðabótalögnum

Námskeiðið, sem einkum er ætlað lögmönnum og starfsmönnum váttryggingafélaga, er framhald námskeiðs sem haldið var á síðasta ári um uppgjör vegna líkamstjóna á grundvelli skaðabótalaganna frá 1993. Á þessu námskeiði verður farið sérstaklega ofan í þær breytingar sem gerðar voru á skaðabótalögnum nú nýverið.

Fyrirlesari er Gestur Jónsson hrl. sem gjörþekkir þetta viðfangsefni.

**Tími: 8. nóvember 1999.**

## 5. Hlutfélagaréttur - samruni - fundarstjórn

Á þessu viðamikla námskeiði verður leitast við að gera grein fyrir muninum á hlutfélagum og einkahlutfélagum, auk þess sem fjallað verður um valdsvið/umboð einstakra stjórnunarstofnana hlutfélags, þ.e. hluthafafunda, stjórnar, framkvæmdastjóra og annarra aðila. Farið verður yfir helstu atriði í tengslum við fundarstjórn hluthafafunda og kosningar, hluthafasamkomulög og samþykktir, ásamt ákvörðun og framkvæmd hækkunar hlutfjár.

Enn fremur verður á námskeiðinu farið yfir reglur um upphaf og lok skattskyldu hlutfélaga, samsköttun móður- og dótturfélaga, skattaleg áhrif sameiningar og skiptingar félaga, skattlagningu erlendra útibúa og alþjóðlegra viðskiptafélaga, skattlagningu arðs og hagnaðar af sölu hlutabréfa, meðal annars út frá tvísköttunarsamningum. Loks verða skoðuð skattaleg áhrif sölu á hlutabréfum til starfsmanna og/eða eigenda, á undirverði út frá samanburði við skattaleg hlunnindi almennt, ásamt skattlagningu annarra verðmæta sem veita rétt á eða byggja á hlutareign, svo sem áskriftarvottorða, valsamninga (options) og fleira.

Fyrirlesarar eru þau Árni Harðarson, hdl., Friðgeir Sigurðsson, hdl., Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hdl., Jóhannes Sigurðsson, hdl., Pétur Guðmundarson hrl., Jakob Möller hrl., og Vala Valtýsdóttir hdl.

**Tími: 9.-11. nóvember 1999.**

## 6. Munnlegur málflytningur

Á námskeiðinu, sem einkum er ætlað lögmonnum, verður gerð grein fyrir helstu grundvallaratriðum í munnlegum málflytningi, bæði frá sjónarhóli lögmanns og dómara. Farið verður ofan í samningu málflytningarsæðu, forflytning, uppbyggingu aðalræðu, umfjöllun um einstaka þætti (málsatvik, málsástæður, lagarök, dóma, fræðirit og framburð vitna), ásamt umfjöllun um héraðsdóm í málflytningi fyrir Hæstarétti og lengd málflytningu - seinni ræðu. Skoðuð verða helstu hjálpargögn við munnlegan málflytning, svo sem efnisyfirlit ræðu, skjalaskrá, annáll málsatvika, tilvitnanaskrá ásamt ljósritum úr fræðiritum og dómum.

**Fyrirlesarar:** Hákon Árnason hrl, Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. og Þórunn Guðmundsdóttir hrl. auk eins dómara sem enn hefur ekki verið ákveðið hver verður.

**Tími: 16-17. nóvember 1999.**

## 7. Verksamningar og útboðsreglur

Markmið þessa námskeiðs er að gefa lögfræðingum og lögmonnum innsýn í gerð og framkvæmd verksamninga. Farið verður í gegnum feril verkframkvæmdar, allt frá undirbúningi til úttektar verks. Áhersla er lögð á að kynna fyrir þátttakendum þau fjölmörgu álitamál sem upp kunna að koma og sem orðið hafa tilefni ágreinings og jafnvel málaferla. Reglum um útboð verða gerð skil og sérstaklega fjallað um útboðsreglur á EES-svæðinu. Ráðgert er að tengja efni námskeiðsins þeim álitu- og ágreiningsmálum sem upp hafa komið.

**Fyrirlesarar:** Othar Örn Petersen hrl., Þorvaldur Jóhannesson hdl., Steindór Guðmundsson forstjóri Keflavíkurverktaka, Hjörtur Torfason hæstaréttardómari, auk sérfræðings á sviði Evrópuréttar sem haldið verður leyndu að svo stöddu hver er.

**Tími: 22.-24. nóvember 1999.**

## 8. Gallar í fasteignakaupum, matsgerðir og gildi þeirra

Á námskeiðinu er ráðgert að fara ofan í alla helstu galla sem fram geta komið í fasteignakaupum og hvernig vanefnduárræði tengjast þessum göllum. Fjallað verður um afslætti og hvernig rökstyðja má afsláttarkröfur út frá þerri staðreynd að réttur til afsláttar er mun rýmri en réttur til skaðabóta. Rætt verður um gildi matsgerða í málum tengdum göllum í fasteignum, gerð matsbeiðna og þýðingu þess að menn orði matsbeiðnir þannig að matsgerðir geti hvort tveggja í senn verið grundvöllur kröfu um skaðabætur vegna galla og grundvöllur undir afsláttarkröfu.

**Fyrirlesarar:** Viðar Már Matthíasson prófessor við lagadeild HÍ og Dan Valgarð Wíium hdl. og löggiltur fasteignasali.

**Tími: 6.-7. desember 1999.**



# Reglur um merki Lögmannafélags Íslands

**H** Haustið 1993 skipaði stjórn Lögmannafélags Íslands nefnd þriggja lögmannna, svokallaða merkisnefnd, sem fékk það hlutverk að gera tillögur til stjórnar um aðgerðir til að bæta ímynd lögmannastéttarinnar og um hönnun merkis fyrir félagið. Nefndin komst meðal annars að þeirri niðurstöðu að æskilegt væri að félagið eignaðist merki. Nefndin taldi þá hins vegar nauðsynlegt að fram færi meiri og betri kynning á lögmannastéttinni í samfélaginu, meðal annars með starfrækslu lögmannavaktarinnar, setningu reglna um fjárvörslureikninga og starfsábyrgðartryggingar o.fl. Öðru vísi væri ekki hægt að skapa gæðaimynd um merkið. Nýtt „útlit“ væri ekki nóg, heldur þyrfti „innihaldið“ einnig að vera í lagi.

Haustið 1995 ákvað stjórn fé-



*Marteinn Másson, framkvæmdastjóri*

-----  
*... merkinu ætlað að vera hluti af ímynd lögmannastéttarinnar ...*  
-----

lagsins að fela Gísla B. Björnsyni, grafískum hönnuði, að koma með tillögur að merki Lögmannafélagsins, sem nota mætti sem tákni fyrir félagið og lög-

mannastéttina. Á þeim tíma hafði lögmannavaktin verið starfrækt í 1H ár og breytingar höfðu verið gerðar á málflytjendalögunum, þar sem meðal annars voru lögfest ákvæði um starfsábyrgðartryggingar og fjárvörslureikninga lögmannna.

Gísli lagði fram hugmyndir um merki félagsins þá um veturinn og á félagsfundi í maí 1996 var samþykkt tillaga að merki, sem kynnt hafði verið í Lögmannablaðinu í mars það ár. Á félagsfundinum var boðað að settar yrðu sérstakar reglur um merkið og notkun þess, en af ýmsum ástæðum hefur setning þeirra reglna dregist. Á fundi stjórnar félagsins þann 9. september síðast liðinn voru svo loks samþykktar reglur um merkið og birtast þær hér á síðum Lögmannablaðsins.

## 9. Evrópuréttur

Á þessu námskeiði verða kynntir þeir kaflar EES samningsins sem hvað raunhæfasta þýðingu hafa fyrir einstaklinga og viðskiptalífið. Sérstaklega verður farið yfir þau réttarræði sem einstaklingar og lögaðilar hafa, séu reglur samningsins brotnar og fjallað um öflun og notkun heimilda EES réttarins. Raunhæft námskeið fyrir þá lögfræðinga og lögmenn sem vilja kynna sér leikreglur EES-samningsins.

**Fyrirlesarar:** Hákan Berglin dómari í Stokkhólmi, Stefán Geir Þórisson hrl. og Páll Ásgrímsson hdl., sem allir hafa starfað í lögfræðideild ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA.

**Tími:** 10.-11. janúar 2000.

## 10. Rafræn skráning verðbréfa

Viðfangsefni þessa námskeiðs eru réttaráhrif rafrænnar eignarskráningar verðbréfa á grundvelli nýlegra laga um efnið ásamt helstu breytingum sem verða á verðbréfavíðskiptum við slíka skráningu. Einnig verður á námskeiðinu kynntur sá hugbúnaður sem heldur utan um hin rafrænu víðskipti. Einkar áhugavert námskeið fyrir þá sem vilja fylgjast með þróun reglna um verðbréf og áhrif þeirra í ört vaxandi verðbréfavíðskiptum hér á landi.

**Fyrirlesarar:** Einar Sigurjónsson frkvstj. og Einar Baldvin Stefánsson lögfr.

**Tími:** 27. janúar 2000.

Þær verða einnig prentaðar sem kafli 10 í Handbók lögmanna.

Samkvæmt 2. gr. reglnanna er merkinu ætlað að vera hluti af ímynd félagsins og lögmanna-stéttarinnar og meðal annars að vera tákn um fagleg vinnubrögð og góða lögmannahætti út á við.

Svo sem fram kemur í 5. grein reglnanna er lögmönnum heimilt að nota merkið til kynningar á starfsemi sinni enda sé fylgt ákvæðum síðareglna Lögmannafélagsins um auglýsingar lögmanna og landslögum.

Það er vonandi að reglur þess-

ar stuðli að skynsamlegri og jákvæðri notkun merkisins við kynningu á hlutverki og starfsemi lögmanna í þjóðfélaginu.

# Reglur um notkun merkis Lögmannafélags Íslands

## 1. gr.

Markmið reglna þessara er að tryggja að samræmi sé í notkun merkis LMFÍ og að koma í veg fyrir misnotkun þess.

Merki Lögmannafélags Íslands er fornt grískt tákn fyrir vogina og lítur þannig út:



Litur þess er blár, nánar tiltekið Pantone 286. Einnig er heimilt að prenta merkið í svörtum lit.

## 2. gr.

Merkinu er ætlað að vera hluti af ímynd félagsins og lögmanna-stéttarinnar bæði inn á við og út á við. Þannig er merkinu ætlað að stuðla að samstöðu stéttarinnar um innri málefni hennar og félagsins og að vera tákn um fagleg vinnubrögð og góða lögmannahætti út á við.

## 3. gr.

Einungis félagið sjálf, félagsdeild LMFÍ og lögmenn mega nota merkið og verða að hlíta þeim reglum, sem gilda um meðferð þess.

## 4. gr.

Lögmannafélag Íslands auðkennir sig með merkinu á prentgripum félagsins (bréfsefni, félagsblöðum o.s.frv.) og á annan hátt, sem viðeigandi þykir að mati stjórnarinnar.

Á prentgripum félagsdeildar LMFÍ með merki félagsins skal deildin auðkennd sérstaklega.

## 5. gr.

Lögmönnum skal heimilt að nota merkið til kynningar á starfsemi sinni enda sé fylgt ákvæðum síðareglna LMFÍ um auglýsingar lögmanna og landslögum.

Merkið skal notað og borið þannig að ekki sé varpað rýrð á það.

Óheimilt er með öllu að nota eða láta gera skrumskældar útgáfur merkisins.

## 6. gr.

Félagsdeild LMFÍ er heimilt að láta framleiða vörur með merkinu, sem félagsmenn og aðrir geta keypt, svo sem barmmerki, bindisnælur, borðfána, penna o.s.frv.

## 7. gr.

Stjórn LMFÍ er heimilt að takmarka og jafnvel banna einstökum mönnum notkun merkisins ef notkun þeirra á því samrýmist ekki ákvæðum reglna þessara og ekki er orðið við tilmælum um úrbætur.

## 8. gr.

Framanskráðar reglur má ekki skoða sem tæmandi um notkun og meðferð merkisins. Í vatatilvikum skal haft samráð við stjórn LMFÍ.

Þannig samþykkt á fundi stjórnar LMFÍ (9. september 1999) samkvæmt heimild í 22. gr. samþykktu LMFÍ.

# Hádegisverðarfundur, Jean-Claude Piris

Þann 20. september síðastliðinn var haldinn hádegisverðarfundur á vegum Lögmannafélagsins á Hótel Sögu. Framsögumaður fundarins var Jean-Claude Piris sem segja má að sé einhver valdamesti lögfræðingurinn sem komið hefur hingað til lands í seinni tíð. Hann er helsti lögfræðilegi ráðgjafi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og hefur sem slíkur átt stóran þátt í að semja ýmsa af þeim sáttmálum sem fyrirferðamestir hafa verið á þeim vettvangi á síðari tímum. Situr hann þannig oft á hljóðskrafi við þá sem mestu ráða innan sambandsins.

Efni fyrirlestrar hans fólst í að velta vöngum um þróun Evrópusambandsins, hvort það væri á þeirri braut að þróast í Bandaríki Evrópu með einhverju líku sniði og Bandaríki Norður Ameríku. Rakti hann í glöggum máli í hverju sérstaða Evrópusambandsins, sem fjölþjóðastofnunar, væri fólgin en leiddi strax að því rök að því færi fjarri að um einhvert slíkt bandaríki væri að ræða. Að sama skapi taldi hann nánast útilokað að þróunin myndi verða á þá lundu. Stafaði það að hans mati bæði af þeim forsendum sem Evrópusambandið er reist á en ekki síður á því að hann taldi að hin sterka þjóðernishefð sem er til staðar í Evrópu myndi koma í veg fyrir þetta. Þjóðlönd sem verið hafa við lýði í um þúsund ár myndu ekki samþykkja að svo langt yrði gengið í samruna Evrópu. Minnti hann á að Evrópusambandið ætti einmitt tilveru sína undir afstöðu þjóðríkjanna sem eiga aðild að sambandinu þannig að þróun sem þessi væri óhugsandi án velvilja ríkjanna. Þá vakti Piris athygli fundarmanna á að þróunin á liðnum árum hafi alls ekki verið í þá átt eingöngu að

*Fundargestir  
blyddu af athygli á  
ræðu Piris, frá  
vinstri, Erlendur  
Gíslason, bdl., Jak-  
ob R. Möller bdl.,  
Marteinn Mátsson,  
framkv.stjóri,  
Ingimar Ingason,  
framkv.stóri.  
Ragnar Tómas  
Árnason, bdl.,  
Ólafur Davíðsson,  
ráðuneytisstjóri,  
Gunnar Jónsson  
bdl. og Þorbjörg  
Jónsdóttir, bdl.*



víkka út valdsvið Evrópusambandsins á kostnað aðildarríkjanna heldur hefði dómstóll sambandsins í Lúxemborg heldur þrengt að sambandinu. Dómstóllinn hefði dregið með skýrari hætti mörkin hve langt sambandið gæti gengið í að hasla sér völl. Slíkt væri því ekki tækt án þess að hafa stöð í samningum og samþykktum þeim sem aðildarríkin staðfestu. Loks vakti hann athygli á að Evrópusambandið skortir ýmsar grundvallarforsendur til þess að geta orðið sjálfstætt og óháð þjóðríkjunum, ef svo má að orði komast. Nefndi hann í þessu sambandi að sambandið hefði enga ríkisstjórn, enga sameiginlega utanríkismálastefnu, engar stofnanir til að halda uppi almannareglu s.s. lögreglu eða her né hefði það pólitískt vald frá almenningi.

Samandregin niðurstaða Piris var þannig að það væri ekki markmið Evrópusambandsins að losa sig við aðildarríkin í þeim tilgangi að stofna Bandaríki Evrópu og að engin hætta sé á því að málin muni þróast í þá áttina í fyrirsjáanlegri framtíð.

Óhætt er að segja að fyrirlesturinn hafi verið hinn fróðlegasti. Skýrt fram settur og laus við hjóm



*Jean-Claude Piris í viðræðum við Jakob R. Möller bdl., formann Lögmannafélagsins, Ólaf Davíðsson ráðuneytisstjóra og Sveinn Haukur Gunnlaugsson, ráðuneytisstjóri.*

það sem oft einkennir stjórn mála-umræðu um þetta málefni. Var almennt ánægja meðal fundarmanna, sem voru 45, með framlag Piris þó ánægjan hafi verið öllu blendnari með hádegisverð þann sem Hótel Saga bar fram fyrir fundargesti. Leist mörgum þannig á að réttast væri að inna ekki eftir því hvað það var sem fram var borið. Auk þess sem einn lögmaðurinn minnst þess með hlýhug er amma hans dró fram í vikulokinn afganga vikunnar, hrærði öllu saman og bar fram fyrir barnabörnin.

# Eitt félag – Aukinn kraftur

Í leiðara 4. heftis 48. árg. Tímarits lögfræðinga gerði ég grein fyrir þeirri skoðun minni að nú á tímamótum þeim sem Lögmannafélagið stendur á með skiptingu félagsins í tvær deildir, væri vert að huga að sameiningu Lögfræðingafélags Íslands (LÍ) og hinnar frjálsu deildar Lögmannafélags Íslands.

LÍ er fræðafélag allra lögfræðinga. Félagið gefur út Tímarit lögfræðinga, fréttabréf, heldur fræðafundi, málþing, málstofur í samvinnu við lagadeild HÍ auk þess að vera í náinni samvinnu við Endurmenntunarsstofnun HÍ um endurmenntunarnámskeið fyrir lögfræðinga. Þá hefur félagið í seinni tíð eftl mjög tengsl við lögfræðinga í öðrum löndum með utanferðum fyrir félagsmenn, nú síðast til Kína í vor sem leið. Ekki verður annað séð en starfsvið LÍ sé í öllum aðalatriðum það sama og fyrirhugað er að verði í hinnri frjálsu deild Lögmannafélagsins.

## **Hvers vegna aðgreining?**

Spyrja má, hvers vegna ættu lögfræðingar að viðhalda núverandi ástandi og dreifa kröftum sínum með þeim hætti sem uppbygging félaga þeirra nú gerir? Ekki nóg með að LÍ og hin frjálsa deild Lögmannafélagsins keppist við að gera sem best á sama sviðinu, þá eru líka til félög dómara og sýslumanna, sem einnig standa fyrir fræðslustarfi ýmis konar fyrir félagsmenn sína. Ég sé ekki hvers vegna þessi aðgreining ætti að vera til staðar. Hún gerir ekkert annað en draga þrótt úr öllum einingunum, draga úr aðsókn á skipulagða atburði félaganna, veikja útgáfustarfsemi þeirra og girðir fyrir að samtök lögfræðinga hér á landi



**Helgi Jóhannesson brl.**

-----  
*Ég sé ekki hvers vegna þessi aðgreining ætti að vera til staðar.*  
-----

geti orðið eins öflug og nauðsynlegt er og sæmandi fyrir lögfræðinga.

## **Hverju skilar sameining?**

Sameining LÍ, Dómarafélagsins, Sýslumannafélagsins og hinnar frjálsu deildar Lögmannafélagsins opnar mikla möguleika. Útgáfustarfsemi yrði enn öflugri. Tímarit lögfræðinga, sem er öflugasta fræðirit lögfræðinga sem gefið er út hér á landi, myndi eflast enn frekar og koma oftar út. Þá mætti hugsa sér sameiningu Lögmannablaðsins og fréttabréfa LÍ og Lögmannafélagsins í útgáfu vandaðs fréttabréfs, t.d. í dagblaðaformi, sem kæmi út á tveggja til fjögurra vikna fresti. Slíkt blað hefði að geyma fréttir og tilkynningar ýmis konar, meðan Tímarit lögfræðinga sinni fræðilegri umfjöllun um lögfræðileg málefni. Með sameiningunni og auknum fjárráðum ætti sameinað félag svo að standa fyrir gerð heimasíðu sem væri gluggi lögfræðinga að öllu efni er við kemur lögfræði hér á landi og víðar, t.d. með tengingum við Alþingi,

Hæstarétt, ráðuneytin, lögmannsstofur, sýslumannsembættin, héraðsdómstólana o.fl. o.fl. Möguleikarnir á þessu sviði eru ótakmarkaðir. Sameinaðir gætu lögfræðingar komið sér upp enn veglegra laga- bókasafni en safn Lögmannafélagsins er, efnt til samstarfs við erlend félög lögfræðinga og eftl enn frekar endurmenntun lögfræðinga.

## **Sérhagsmunir.**

Sameining félaganna þarf ekki að kosta það að hver einstök starfstétt lögfræðinga missi möguleika á að sérhagsmuna þeirra sé gætt. Félagið má starfrækja í fleiri en einni deild, sem sérhæfa sig í þáttum sem eru sérstaklega áhugaverðir eða mikilvægir fyrir mismunandi hópa lögfræðinga. Eftir sem áður yrði megin starfsemin í einum farvegi, farvegi sem yrði öflugur og fjölbreyttur, sem nýtist öllum.

## **Nú er lag:**

Vegna þeirra miklu grundvallar- breytinga sem nú eru að verða á Lögmannafélaginu tel ég að nú sé afar heppilegur tímunktur til að hrinda framangreindum hugmyndum í framkvæmd. Lögfræðingar þurfa að hugsa stórt í þessu sambandi. Verkefni eru óþrjótandi og möguleikarnir miklir séu kraftarnir sameinaðir. Slík heildarsamtök myndu efla íslenska lögfræðinga og þjappa þeim saman, auk þess að opna þeim fleiri dyr að endurmenntun og upplýsingum, sem er grundvallarforsenda þess að stéttinn haldi velli í örri breytingu nútímabjóðfélagsins.



# Gefðu þér tíma til góðra verka

## 2,2%

### Lífeyrissparnaður Landsbankans

Fjölskyldan þarf oft tíma til að hugsa og endurskoða fjármálin. Taktu þér tíma til að skoða þá kosti sem fylgja Lífeyrissparnaði Landsbankans. Hann er fjölskyldunni mikilvægur.

### Svigrúm til sparnaðar og ávöxtunar

Lífeyrissparnaður Landsbankans er frjáls viðbótarsparnaður sem gefur þér betri tíma og svigrúm til að ávaxta

peninga þína. Leggðu einfaldlega þín 2,2% inn þar sem þú færð svigrúm til að ákveða hvar þau njóta bestu vaxtanna. Þú færð persónulega ráðgjöf um bestu leiðirnar til að ávaxta lífeyrissparnað þinn hjá Landsbankanum, Landsbréfum og Lífis sem bjóða þér fjölbreytta sparnaðarmöguleika. Hafðu samband við þjónustufulltrúa eða Þjónustuver og byrjaðu að nýta skattfríðindi þín strax.

## Hringdu núna!



Landsbankinn

# Staðfesturéttartilskipun ESB.

*Um rétt EES-lögmanna til að reka lögmannsstofu í öðru EES-ríki*

Með samþykkt á tilskipun 98/5/EB og upptöku hennar í EES-samninginn þurfa lögmenntil að gangast undir próf til þess að mega reka lögmannsstofu í öðru ríki á svæðinu. Tilgangur tilskipunarinnar er að auðvelda lögmonnum að stunda lögmannsstörf í öðru aðildarríki en þar sem lögmannsréttindanna var aflagð. Frestur aðildarríkjanna, bæði ESB og EFTA ríkjanna sem aðilar eru að EES samningnum, til að aðlaga löggjöf sína að tilskipuninni rennur út þann 14. mars 2000.

Í 2. tbl. Lögmannablaðsins 1996 lýsti ég þeim réttarreglum er þá giltu um rétt evrópskra lögmannna til að starfa utan heimalands síns. Í lok þeirrar samantektar sagði ég frá því að í samráðsferli ESB væri þá til meðferðar tillaga framkvæmdastjórnarinnar að tilskipun um svokallaðan staðfesturétt lögmannna, og gerði grein fyrir helstu efnisatriðum hennar. Tilskipunin hefur nú verið samþykkt og skapar reyndar nokkuð rýmri rétt en tillagan gerði ráð fyrir. Á næstunni mun sameiginlega EES nefndin fjalla um efni tilskipunarinnar, áður en það síðan verður hluti af landsrétti á Íslandi. Við hæfi er að gefa lesendum Lögmannablaðsins nokkra innsýn í efni þessarar tilskipunar, og fjalla um væntanlega upptöku reglnanna í landsrétt.

## **Lögmannsstörf í öðru ríki - lögmannstitill heimalands**

Í tilskipuninni er í fyrsta lagi tryggður réttur lögmanns til að hafa með höndum varanlega lögmannsstarfsemi í öðru aðildarríki á EES-svæðinu og nota lögmannstitill heimalands síns. Má hann veita ráðgjöf um rétt heimalands síns,



*Sif Konráðsdóttir, bdl.*

-----  
*Lögmannstitillinn skal lögmaðurinn nota á tungumáli heimalands síns, ...*  
-----

Evrópusambandslöggjöf, alþjóðlegan rétt og löggjöf gistiríkisins. Lögmannstitillinn skal lögmaðurinn nota á tungumáli heimalands síns, þannig að ekki stafi ruglingshætta af. Honum er skylt að láta skrá sig hjá viðkomandi yfirvöldum, sem aftur er skylt að skrá lögmanninn að fengnu skilríki um skráningu hans í heimalandinu. Þegar lögmaðurinn hefur verið skráður, er honum í meginatriðum heimilt að sinna öllum þeim lögmannstörfum sem lögmenntil gistiríkisins mega vinna að. Þó má gistiríki ákveða undanþágur frá þessu að því er varðar dánarbússkipti, stofnun eða yfirfærslu eignaréttinda að fasteign og málf lutning.

-----  
*Lögmaðurinn er í störfum sínu bundinn af þeim siðareglum, sem um stéttina gilda í gistiríkinu ...*  
-----

Lögmaðurinn er í störfum sínu bundinn af þeim siðareglum, sem

um stéttina gilda í gistiríkinu og honum er skylt að vera ábyrgðartryggður eftir þeim reglum er gilda um lögmenntil gistiríkis.

## **Lögmannstitill gistiríkis**

Reglur um viðurkenningu prófskírteina, sbr. tilskipun 89/48/EBE, hafa gert EES-lögmonnum kleyft að gangast undir próf til að fá að nota lögmannstitill gistiríkis. Með staðfesturéttartilskipuninni er lögmonnum nú auk þess veittur réttur til að stunda lögmannsstörf og nota lögmannstitill gistiríkis, án nokkurs prófs, enda hafi þeir starf að við lögmennsku í gistiríkinu í þrjú ár og fengist við lög gistiríkisins í jafnlangan tíma. Hafi lögmaður stundað lögmannsstörf þar í þrjú ár, en þó í skemmri tíma fengist við lög gistiríkis, getur hann allt að einu fengið lögmannstitill gistiríkis án þess að taka próf, að ákveðnum skilyrðum fullnægðum.

## **Rekstur lögmannsstofu í félagafarmi - MDP**

Þá eru í tilskipuninni ákvæði um að heimili gistiríki starfrækslu lögmannsstofa í félagafarmi, skuli lögmonnum frá öðru aðildarríki heimilt að vera meðlimir í slíku félagi. Sú mikilvæga undantekning er á þessu að gistiríki getur bannað lögmanni sem notar lögmannstitill heimalands síns, að stunda lögmannsstörf í gistiríki ef hann stundar lögmannsstörf í heimalandinu í félagi með öðrum starfsstéttum en lögmonnum (MDP), hvort sem slíkir aðilar eiga hlut í eða allt félagið, eða taka þátt í ákvarðanatöku í félaginu, de facto eða de jure. Þá er gistiríki heimilt að banna sameiginlega notkun nafna hjá lögmannsfirmanu og öðrum atvinnugreinum.

## Ábrif tilskipunarinnar- aðlögun landsréttar

Í heild má segja að staðfesturéttar-tilskipunin auki til muna frelsi lögmanna í aðildarríkjum EES-samningsins, til að reka lögmansstofur í öðrum EES löndum.

Tilskipunin var samþykkt í ESB þann 16. febrúar 1998 og skulu aðildarríkin hafa aðlagað landsrétt sinn að henni fyrir 14. mars 2000. Frá sama tíma skulu ríkin þrjú í EFTA, sem aðild eiga að EES-samningum, einnig hafa aðlagað landsrétt sinn að tilskipuninni. Sameiginlega EES-nefndin hefur þegar þetta er ritað enn ekki fengið tilskipunina til ákvörðunar. Ljóst er að eitt ríkjanna, Liechtenstein, hefur af því allt aðra hagsmuni en hin ríkin tvö, hversu mikið frelsi lögmönnum er veitt með tilskipuninni og ekki er ólíklegt að afstaða þeirra geti nokkuð tafið fyrir sameiginlegri niðurstöðu. Þessa stund-

-----  
*Í heild má segja að  
staðfesturéttartilskipunin  
auki frelsi lögmanna í  
aðildarríkjum  
EES-samningsins, ...*  
-----

ina er að störfum vinnuhópur á vegum EFTA, skipaður sérfæðingum, er undirbýr málið fyrir sameiginlegu EES-nefndina. Ákvaðanir nefndarinnar skulu skv. EES-samningum teknar samhljóða. Ef EES-nefndin fellst á að fella nýju tilskipunina inn í EES-samninginn, ber ríkisstjórn hvers lands að setja eða breyta reglugerðum til samræmis við tilskipunina.

## Frá ritstjóra og ritnefnd: **Aðsendar greinar**

Félagsmenn eru hvattir til að rita í blaðið greinar, langar eða stuttar, um hugðarefni sín er tengjast störfum lögmanna. Til að auðvelda vinnslu blaðsins væri æskilegt að aðsendar greinar kæmu bæði prentuðu formi og á tölvudiskum, t.d. í Word eða Word-Perfect ritvinnsluformi. Þá þarf helst ljósmynd af greinarhöfundu að fylgja.

# Íþróttir

Sumir segja íþróttir mikla hollustu, aðrir mannskemmandi. Úr þessari þrætu verður ekki skorið hér. Hitt er að lögmenn láta lítt deigan síga á þessum vettvangi.

## **Golf**

Því var lofað í síðasta Lögmannablaði að sumarvertíðin yrði gerð upp í þessu tölublaði en lítt fer fyrir efndunum. Sjálfum sér til afbötunar hefur íþróttaritari Lögmannaþbladsins það að honum hafi lítt hugnast að kvabba á Valsmönnum, næg sé þeirra byrði um þessar mundir en eins og þjóð er kunnugt er hin sjálfskipaða golfnefnd samansett úr eldheitum Völsurum.

Þó bærust tíðindi af því að meistaramót Lögmannafélagsins hafi verið haldið í blábyrjun september. Lítt var þáttakan góð enda viðraði lítt til heyskapar, þræsingur í honum og óttaleg bræla, þó svo að hann hafi hangið að mestu þurr. Skorið var því helst lélegt og aðstæður erfiðar.

Svo fór að í keppni án forgjafar sigraði Gísli Hall, Jóhannes Karl Sveinsson varð í öðru sæti og Páll Eiríksson í því þriðja. Í keppni með forgjöf fóru leik-

ar á hinn bóginn þannig að Lárus Ögmundsson sigraði, enn varð Jóhannes Karl í öðru sæti (enda Valsmönnum ekki áskapað að sigra nú um stundir) en Sveinn Jónatansson varð í því þriðja. Þessi niðurstaða ku þýða það að Gísli Hall telst bera sæmdarheitið golfmeistari Lögmannafélagsins fram á næsta haust.

Landssíminn rausnaðist yfir sigurvegarana og gaukaði að þeim verðlaunum í líki handsíma auk þess sem fleiri óskilgreind verðlaun voru veitt.

## **Knattspyrna utanbúss**

Nú fer hver að verða síðastur í skriðtæklingarnar áður en vetur konungur hylur grasbalana sem knattspyrnuhetjur í lögmannaþéttu eru vanar að skeiða yfir. Af þessu tilefni hefur knattspyrnunefnd Lögmannafélagsins hug á að efna til knattspyrnumóts þann 8. október næstkomandi og verður keppt á platgrasi í Laugardalnum. Mótið mun hefjast kl. 14 og tilkynna þarf þáttöku í síðasta lagi 5. okt. að fyrirmælum hins ötula formanns mótanefndar, Smára Hilmarssonar, hdl. Honum fellur ekki verk úr hendi á þessu sviði, enda KR-ingur, en þeir eru mjög glaðir þessa dagana eins og þjóð veit.



# Ferðasaga frá Ósló

Undirrituðum var falið það verkefni af virðulegum ritstjóra þessa blaðs að setja saman frásögn af þingi norræna lögfræðinga sem haldið var í Ósló daganna 18. til 20. ágúst.

Íslenskir þátttakendur voru alls 46 talsins úr hinum ýmsu stéttum þótt heldur hafi hallað á lögmenn í þeim samanburði. Er það ef til vill áhyggjuefni hve illa er mætt af hálfu lögmanna við samkomur sem

þessar þó ekki skuli fjölýrt um ástæður þess.

Þingið hófst með setningarathöfn sem haldin var í Konserthöllinni í Ósló kl. 10 þann 18. ágúst. Fyrst setti Else Bugge Fougner lögmaður þingið með ágætri ræðu en í kjölfarið var flutt erindi sem samkvæmt dagskrá athafnarinnar átti að fjalla um kaldhæðni réttarins (rettens ironi). Undirritaður varð fyrir miklum vonbrigðum með þetta erindi sem virtist samkvæmt

heiti sínu mjög áhugavert. Annað kom á daginn, hvort sem þar skýrist af landlægu húmorleysi gestgjafanna eða einfaldlega persónu viðkomandi ræðumanns. Allt að einu var umrædd setningarathöfn ágæt og náði væntanlega hámarki sínu þegar konungur gestgjafanna, Haraldur V, sæmði sænskan kollega okkar viðurkenningu fyrir vel unnin störf.

Eftir hádegi hófust fyrirlestrar sem síðan stóðu sleitulaus næstu þrjá daga. Hver og einn þátttakandi gat valið sér það efni sem næst stóð hjartanu en almennt má segja að efnisdagskráin hafi verið mjög fjölbreytt. Fyrirlestrarformið var misjafnt en þó oftast með hefðbundnum hætti. Það er hins vegar mat undirritaðs að stjórn umræðna hefði almennt mátt vera betri. Þannig gætti þess í of miklum mæli að þátttakendum utan úr sal leyfðist að rísa úr sætum og halda langar ræður um hitt og þetta í þeim tilgangi einum, að því er virtist, að láta ljós sitt skína.

Hvað varðar félagsleg samskipti þátttakenda er þess að geta að fyrsta kvöldið bauð borgarstjóri Óslóborgar til móttöku í ráðhúsinu. Var það fjölmenn samkoma en það sem vakti mesta athygli undirritaðs var að þeir embættismenn borgarinnar sem vinna við það að áætla neyslu veislugesta, hvort sem um er að ræða fasta eða fljótandi fæðu, voru ekki starfi sínu vaxnir. Í stuttu máli sagt var slegist um þær matarörður sem sáust á borðum og voru það aðeins hinir huguðustu sem hættu sér nærri atganginum. Annað kvöldið var hin sívinsæla jafnræðisregla gróflega brotin á þátttakendum með því að fólki á besta aldri (yngra en 37) var boðið til bátsferðar og strandveislu á meðan eldri borgurum var boðið í heimasamsæti hjá hinum ýmsu



*Fyrir utan þingstaðinn.*



*Það viðraði til útiveru líka, frá vinstri, Friðgeir Sigurðsson, bdl., Ragnheiður Snorradóttir lögfr., Hafdís Ólafsdóttir lögfr. og Vala Valtýsdóttir, bdl.*



kollegum okkar í Ósló. Hef ég það fyrir satt að einum lögmanni úr okkar eldri röðum hafi verið boðið uppá kjötbollur og mjólk í þess konar heimasæti. Hinir yngri skemmtu sér hins vegar konunglega við dans og fjöldasöng fram á morgun og á ónefndur héraðsdómari sérstakar þakkir skildar fyrir forystuhlutverk sitt í framvarðasveit íslenskra söngmanna. Næsta kvölddagskrá hófst með glæsilegri móttöku hjá Kristni F. Árnasyni sendiherra í sendiherrabústaðnum í útjarðri Ósló. Bar sú móttaka vott um framúrskarandi gestrisni þeirra er þar áttu hlut að máli. Að móttökunni lokinni héldu þátttakendur á Radisson SAS hótelið á banquet sem þar var haldinn. Skemmtu flestir sér konunglega þótt biðræðastemningin þar hafi slegið öll met er 1200 veislugestir stóðu í einfaldri röð og biðu þess að komast að einu af þremur hlaðborðum. Að veislunni aflokinni gengu sumir til fundar við Óla lokbrá á meðan aðrir sannreynðu opnunartíma á skemmtistöðum borgarinnar.

Í heildina verður ekki annað sagt að norræna lögfræðingafingrið 1999 hafi verið hvoru tveggja í senn, bæði skemmtilegt og fræðandi. Hvort sem þar er átt við lögfræði eða annað léttvægara. Sérstaklega má hrósa skipuleggjendum fyrir gott skipulag á fyrirlestrum og tillitssemi við fyrirlestrarþótttakenda við uppsetningu ráðstefnunnar í heild.



*Gerður var góður rómur að móttöku í íslenska sendiráðinu, frá vinstri Sigríður Laufey Jónsdóttir lögfr., Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis, Hrefna Friðriksdóttir hdl., Valtýr Sigurðsson, fangelsismálastjóri og Hjörtur Torfason bæstaréttardómari.*



*Sonja Heine ásamt ábangendum, Sif Konráðsdóttur hdl. og Krístrúnu Kristinsdóttur lögfr.*



*Íbygginn á svip, Erla Jónsdóttir hdl. og Georg Kr. Lárusson forstjóri útlendingaeftirlitsins.*



*Frá vinstri talið, Ellen Thors, Jón Thors skrifstofustjóri, Davíð Þór Björgvinsson prófessor og Garðar Gíslason bæstaréttardómari.*

# Reglur um kjör heiðursfélaga

Á fundi stjórnar Lögmannafélags Íslands þann 9. september síðastliðinn voru samþykktar sérstakar reglur um kjör heiðursfélaga Lögmannafélagsins.

Frá stofnun Lögmannafélags Íslands árið 1911 (þá Málflutningsmannafélag Íslands) hafa 11 lögmennt eða fyrrverandi lögmennt notið þeirrar sámdar að hafa verið kjörnir heiðursfélagar þess:

Sveinn Björnsson, forseti Íslands (einn stofnenda og fyrrum formaður félagsins) (1951)

Lárus Fjeldsted, hrl. (1951)

Lárus Jóhannesson, hrl. og hæstaréttardómari (1961)

Einar Baldvin Guðmundsson, hrl. (1971)

Sveinbjörn Jónsson, hrl. (1971)



**Marteinn Másson, framkvæmdastjóri**

Theodór B. Líndal, prófessor og hrl. (1971)

Rannveig Þorsteinsdóttir, hrl. (1979)

Ágúst Fjeldsted, hrl. (1986)

Egill Sigurgeirsson, hrl. (1986)

Guðmundur Pétursson, hrl. (1996)

Sveinn Snorrason, hrl. (1996)

Það, að einungis 11 sinnum í tæplega 90 ára sögu félagsins hafi

verið kjörnir heiðursfélagar Lögmannafélags Íslands, er fremur merki um að ekki hafi nægilega verið hugað að þessum þætti í félagsstarfinu en að ekki hafi fleiri lögmennt verðskuldað þessa sámd.

Þegar samþykktir Lögmannafélagsins voru endurskoðaðar á síðasta ári þótti rétt að hafa þar ákvæði um heimild fyrir stjórn félagsins að setja sérstakar reglur um kjör heiðursfélaga. Auk þess að hafa þá ákveðnar reglur að styðjast við myndu þær leiða til þess að gefinn væri oftar gaumur að því hvaða lögmennt hefðu, með störfum sínum og þátttöku í félagsstarfi Lögmannafélagsins, verðskuldað að vera kjörnir heiðursfélagar.

Meðfylgjandi reglur birtast í þessu tölublaði Lögmannablaðsins og verða auk þess prentaðar sem kafli 11 í Handbók lögmannta.

## REGLUR

### um kjör heiðursfélaga Lögmannafélags Íslands

#### 1. gr.

Heiðursfélagi Lögmannafélags Íslands er sámdarheiti, sem hlotnast mönnum fyrir mikilsvert framlag þeirra til eflingar féluginu og/eða lögmennastéttinni og sem eiga að baki farsælan starfsferil sem lögmennt.

#### 2. gr.

Stjórn LMFÍ kýs félaginu heiðursfélag, sbr. 22. gr. samþykktar LMFÍ. Til kjörs á heiðursfélag þarf samhljóða atkvæði stjórnarmanna.

Kjör heiðursfélaga skal staðfest á félagsfundi LMFÍ.

#### 3. gr.

Kjori heiðursfélaga skal lýst á aðalfundi eða við annað sérstakt tilefni. Fulltrúum fjölmiðla má bjóða að vera viðstaddir athöfnina.

#### 4. gr.

Á heiðursskjali, sem útbúa skal í tilefni af kjöri á heiðursfélag, skal rita nafn og starfsheiti þess, sem sámdina hlýtur. Jafnframt skal rita þar hverjir sérstakir verðleikar eru tilefni kjörsins.

Heiðursskalið skal undirritað af stjórn LMFÍ.

#### 5. gr.

Skrá skal í sérstaka gerðarþök nafn heiðursfélaga og dagsetningu kjörsins. Ennfremur skal þar skrá tilefni sámdarinnar sömu orðum og skráð eru á heiðursskjalið.

#### 6. gr.

Heiðursfélagi skal njóta allra réttinda sem félagsmaður LMFÍ og er undanþeginn greiðslu árgjalds til félagsins. Honum skal boðið ásamt maka að sitja árhátíð og aðrar stórhátíðir félagsins.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi LMFÍ 9. september 1999.

# Breytingar á félagatali

Stutt er síðan félagatal var gefið út en strax eru komnar breytingar sem hér verður komið á framfæri. Látið er þó við það sitja að greina frá starfsstöð hvers og eins en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Lögmannafélagsins, lmfi.is, og svo að sjálfsgöðu í símaskránni.

## Ný málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi

### Birgir Ármannsson, hdl.

Verslunarráð Íslands  
Húsi Verslunarinnar, 103 Reykjavík.

### Erna Hjaltsted, hdl.

Lögmenn Höfðabakka  
Höfðabakka 9, 112 Reykjavík.

### Friðrik Þ. Stefánsson, hdl.

Skeljungur hf.  
Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík.

### Halla Bergþóra Björnsdóttir, hdl.

GÁJ lögfræðistofa ehf.  
Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík.

### Helgi Teitur Helgason, hdl.

Landsbanki Íslands hf.  
Hafnarhvoli, 101 Reykjavík.

### Hilmar Gunnlaugsson, hdl.

Lögmenn Austurlandi ehf.  
Kaupvangi 2, Egilsstöðum.

### Reynir Grétarsson, hdl.

Lánstraust hf.  
Laugavegi 59, 101 Reykjavík.

## Útgefið eldra leyfi:

Guðmundur Þór Guðmundsson, hdl.  
Kirkjuráð  
Laugavegi 31, 101 Reykjavík.

## Ný málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands

### Garðar Briem, hrl.

## Lögmannsstofur á nýjum stað:

Örn Höskuldsson, hrl.  
Kjarni, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær.

# Groa@leiti.is

Enn er Gróa systir Marðar að.

## Efni: Lögmannablaðið.

Sælar. Heyrðu ég var að glugga í Lögmannablaðið. Hvernig er þetta eiginlega? Er þetta blað að detta niður á einhvert Se og hör stig? Maður bíður bara eftir upphröpunarkerkjum og aldrinum í sviga! Í síðasta blaði var t.d. verið að tala um hvað einn héraðsdómaranna sé myndarlegur. Aðrir úr hópi dómara voru víst ekki of sælir með hlutskipti sitt. Svo var verið að skensa Valtý með þessu. Sá var hins vegar ekki lengi að benda á að þetta gæti ekki verið sneið til sín þar sem hann er ekki héraðsdómari í bili! Snjall blessaður að koma sér undan þessu.

*Kvedja, Gróa.*

## Efni: Dansmennt.

Blessuð. Það var víst ansi mikill stíll á dómaramenum og lögmanningnum þarna úti á miðri götu í Osló. Þeir tóku víst bara þennan fína foxtrott, Sigurður Tómas og Vala Valtýss við undirleik þessarar sérkennilegu lúðrasveitar Nojaranna á lögfæðingamótinu í ágúst. Nei annars ég má víst ekkert vera að slúðr..., tala um þessa ferð til Noregs. Það er víst reglan að svona dansspor séu geymd í minningu ferðalanganna, að ekki sé talað um þegar embættismenn verða berrassaðir að ofan í fámennum veislum uppi á hótélherbergjum. Nei maður lætur slíkt bara kyrrt lig-gja.

*Kvedja, Gróa.*

A man in a dark suit and tie is walking through a library, looking down at a book he is holding. The shelves are filled with books, and the lighting is warm and focused on the man.

## Er þín starfsemi tryggð?

Þú færð starfsábyrgðartryggingu lögmanna hjá VÍS sem býður fjölbreytt úrval váttrygginga fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Samkvæmt lögum nr. 77/1 998 þurfa lögmenn að hafa starfsábyrgðartryggingu. Tryggðu þína ábyrgð og hringdu í síma **560 5060**. Þar færðu allar nánari upplýsingar.